

Alþingi
Erindi nr. P 135/213
komudagur. 16.11.2007



Alþingi
Nefndarsvið, b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 15. nóvember 2007

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Landbúnaðarstofnun vísar til erindis allsherjarnefndar Alþingis dags. 22. október 2007 og þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp (þskj. 131 - 130. mál). Stofnunin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

I. Almenn um matvælamál og nýskipan þeirra

Fyrir liggur að Ísland mun á komandi misserum taka upp matvælaöggjöf ESB fyrir alla þætti matvælaeftirlits hér á landi. Með nýrri löggjöf verða gerðar meiri kröfur til hins opinbera varðandi eftirlit og stjórnsýslu. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag við matvælaeftirlit hérlendis er ekki fullnægjandi og flókin stjórnsýsla eykur á erfiðleika við innleiðingu löggjafar og eftirlit með matvælum.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lögum um Landbúnaðarstofnun verði breytt þannig að hún verði að matvælastofnun og um leið er gerð breyting á öðrum lögum þannig að ný matvælastofnun taki jafnframt yfir verkefni matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælasviðs Fiskistofu. Nái þessar tillögur fram að ganga hefur öll stjórnsýsla á matvælasviði og allt matvælaeftirlit á vegum ríkisins verið sameinað í einni matvælastofnun undir stjórn sameinaðs ráðuneytis sjávarútvegs og landbúnaðar. Þar með mun umhverfissráðuneytið ekki lengur fara með matvælamál, en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga á eftir sem áður að sinna eftirliti á matvælasviði, en nú undir yfirumsjón nýrrar matvælastofnunar, í stað Umhverfisstofnunar sem gegnir því hlutverki í dag.

Gert er ráð fyrir að ný matvælastofnun taki til starfa 1. janúar 2008. Þetta er stuttur fyrirvari, en mikilvægt er að sameinuð stofnun geti hafið störf sem fyrst, ekki síst vegna breytinga sem ráðgerðar eru á EES-samningnum. Gangi þær fyrirætlanir eftir mun Ísland taka upp endurskoðaða og að mörgu leyti endurbætta löggjöf Evrópusambandsins um matvælaöryggi og opinbert matvælaeftirlit, hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu, sem Ísland fær þá formlega aðild að með sama hætti og önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ísland mun fá allt að sex mánaða tíma til að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna nýrrar EES-löggjafar og að þeim tíma liðnum eiga einnig að liggja fyrir samræmdar eftirlitsáætlanir fyrir alla fæðukeðjuna, frá frumframleiðslu matvæla til dreifingar tilbúinnar neytendavöru. Aðlögunartími Íslands vegna innleiðingar löggjafar og breytinga á eftirliti með dýraafurðum eins og mjólk, kjöti og eggjum mun þó verða allt að tveimur árum, þar sem Ísland hefur hingað til haft undanþágu frá því að innleiða ESB löggjöf á sviði dýraheilbrigðis og dýraafurða, annarra en sjávarafurða.

Landbúnaðarstofnun fagnar framkomnu frumvarpi og telur að með sameiningu Landbúnaðarstofnunar og matvælasviða Fiskistofu og Umhverfisstofnunar gefist færi á að einfalda stjórnsýslu með matvælaeftirliti, gera hana markvissari og tryggja betra og faglegra eftirlit á öllum stigum framleiðslu og dreifingar matvæla og fóðurs. Samkvæmt frumvarpinu er breytingunum einnig ætlað að efla orðspor íslenskrar matvælaframleiðslu og samkeppnisstöðu hennar á mörkuðum.

II. Fjárhagur nýrrar stofnunar

Fjárhagsleg áhrif vegna tilfærslu verkefna til Matvælaeftirlitsins eru nokkur. Fyrir liggur flutningur á um 21 stöðugildi til Matvælaeftirlitsins, sem skiptist þannig að tæp 9 stöðugildi koma frá matvælasviði Umhverfisstofnunar og 12 frá matvælaeftirlitssviði Fiskistofu. Fyrir utan kostnað vegna launa og launatengdra gjalda þá bætist við rekstrarkostnaður vegna aðstöðusköpunar þessara starfsmanna í formi hugbúnaðar, húsnæðis, innréttinga, bifreiða og áhalda og tækja. Ekki liggur fyrir listi yfir þær eignir sem yfirfærast til Matvælaeftirlitsins og því er ekki hægt að segja til um umfang eignakaupa á árinu 2008.

Gera þarf ráð fyrir aukningu á stoðþjónustu hjá Matvælaeftirlitinu til samræmis við þá stoðþjónustu sem eftirlitssvið Umhverfisstofu og Fiskistofu nýttu í sínum stofnunum. Staðsetning starfsmanna liggur ekki fyrir en hún gæti leitt til aukins rekstrarskostnaðar við að koma starfsfólki á vinnustað og mun sá kostnaður falla á stofnunina. Áætlaður fjöldi starfsmanna Matvælaeftirlits í föstu starfi verður um 77 talsins og þar af verður hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna um 85% og því verður jafningjastjórnun mjög mikilvægur þáttur í rekstri stofnunarinnar. Þá er vert að geta þess að hjá stofnunin eru ígildi 10 ársverka í formi verksamninga við aðra aðila og skammtímaráðninga. Stærð stofnunarinnar hvað starfsmannafjölda varðar og einnig hversu fjölbreytileg verkefni hennar eru kalla á tæp tvö ný stöðugildi hjá stofnuninni, eitt stöðugildi fræðslu- og upplýsingafultrúa og 60% stöðugildi við mannauðsstjórnun. Í þessu samhengi má vekja athygli á þeirri fræðslu- og upplýsingaskyldu gagnvart neytendum og hagsmunaaðilum sem stofnuninni er falið með lögum.

Breyting á nafni Landbúnaðarstofnunar í Matvælaeftirlitið kallar á aukinn rekstrarkostnað á árinu 2008 vegna hönnunar og prentunar á öllu prent- og auglýsingaverki, þar á meðal hönnun á nýju kennimerki (lógói) fyrir stofnunina og endurhönnun heimasíðu. Þá þarf að endurskoða innra stjórnskipulag og stefnumótun til framtíðar.

III. Athugasemdir við einstakar greinar

1. 27. gr. / Breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Landbúnaðarstofnun telur eðlilegt miðað við uppbyggingu stjórnsýslunnar, að þeirri stofnun sem falin eru verkefni skv. lögum verði veitt heimild til að gera samninga við ríkisstofanir og/eða einkaaðila um að annast verkefni við úttekt og eftirlit á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu. Stofnunin leggur því til að í stað ráðherra í 2. málslíð 3. mgr. komi “Matvælaeftirliti”.

2. 28. - 29. gr. / Breytingar á lögum um dýravernd.

Markmið frumvarpsins er tilfærsla á verkefnum af ýmsu tagi. Landbúnaðarstofnun leggur til að tækifærið verði notað og lög um dýravernd nr. 15/1994 verði færð frá umhverfisráðuneytinu til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins. Þar eru fyrir lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 þar sem fjallað er um þær kröfur sem gerðar eru til aðbúnaðar búfjár og telur stofnunin rétt að umsjón þessara náskyldu verkefna sé á hendi sama ráðuneytis og sömu stofnunar. Hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og hjá Landbúnaðarstofnun er saman kominn þekking og reynsla við meðferð dýraverndarmála (animal welfare), enda hafa héraðsdýralæknar um áraradír sinnt ábendingum og aðgerðum vegna illrar meðferðar á dýrum. Slík þekking og reynsla hefur ekki verið til annars staðar í stjórnsýslunni, nema að litlu leyti. Það er því í þágu skilvirkari meðferðar dýraverndarmála og einföldunar í stjórnsýslu sem tillaga er gerð um að færa þennan málaflokk alfarið yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Athygli er vakin á því að hér eru ekki lagðar til breytingar er lúta að verndun villtra dýrastofna skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, en þau verkefni yrðu eðlilega áfram hjá umhverfisráðuneytinu.

3. 30. gr. / Breyting á lögum um búfjárhald o.fl.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í 28. og 29. gr. frumvarpsins er lagt til að síðustu málsliðir beggja töluliða verði felldir brott, þ.e. ákvæði um umsagnir Umhverfisstofnunar um setningu reglugerða, enda yrði stjórnsýsla dýraverndarmála alfarið á vegum Matvælaeftirlitisins og því óþarft að óska umsagna eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

4. XXIII. kafli / Breyting á lögum um matvæli.

Samkvæmt athugasemdum með 35. gr. frumvarpsins er ekki ætlunin að breyta verksviði heilbrigðiseftirlits sveitarfélagana gagnvart Matvælaeftirlitinu, heldur á það að vera óbreytt. Landbúnaðarstofnun telur hins vegar að orðalag frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt varðandi verkaskiptingu við matvælaeftirlit milli Matvælaeftirlitisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélagana vegna frumframleiðslu á landbúnaðarafurðum. Því telur stofnunin nauðsynlegt að fram komi með skýrum hætti í 35. gr. frumvarpsins að Matvælaeftirlitið fari með eftirlit með frumframleiðslu landbúnaðarafurða. Þessi ályktun er dregin af því að verkefni Matvælaeftirlitisins eru tæmandi talin í 35. gr. frumvarpsins og ekki er hægt að fella frumframleiðslu með landbúnaðarafurðum þar undir. Af þessum sökum leggur stofnunin til svohljóðandi breytingar á kaflanum.

Við 4. gr. matvælalaga nr. 93/1995 þar sem hugtök eru skilgreind kæmi nýr málsliður: "Frumframleiðsla er framleiðsla og ræktun, þ.m.t. uppskera, mjaltir og eldi dýra fyrir slátrun. Einnig veiðar dýra og sjávarfangs, sem og tínsla villtra matjurta". Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins um matvælalög, matvælaöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, (EB) nr. 178/2002.

Í a. lið 6. gr. matvælalaga (35. gr. frumvarpsins) yrði bætt við hugtakinu frumframleiðsla, þannig að skýrt lægi fyrir að Matvælaeftirlitinu bæri að sinna eftirliti með slíkri framleiðslu, ákvæðið myndi þá hljóða þannig:

"a. frumframleiðsla, sem og innflutningur og útflutningur búfjárafurða,".

Þá er lagt til að bætt verði við 2. mgr. við 6. gr. Laganna, sem myndi hljóða þannig: "Heilbrigðisnefndir, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fara með eftirlit með öðrum matvælum en nefnd eru í 1. mgr. Matvælaeftirlitið skal þó sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma alvarlegar matarsýkingar eða önnur vá svipaðs eðlis og skal stofnuninni þegar í stað tilkynnt um slík mál og skal hún í samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir".

Í samræmi við framangreint er lagt til að ákvæði í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem varðar matarsýkingar, falli brott.

Í 42. gr. frumvarpsins er í samræmi við ofangreint lagt til að í lok 1. málsliðar komi "sbr. 2. mgr. 6. gr." og á undan "6. gr." í 2. málslið komi "1. mgr.". Jafnframt verði gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi. Í samræmi við þetta hljóði 22. gr. matvælalaga þannig: "Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælaeftirlitsins opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. 2. mgr. 6. gr. Matvælaeftirlitið fer þó með opinbert eftirlit sem fellur undir ákvæði 1. mgr. 6. gr. Matvælaeftirlitið skráir ..."

Lagt er til að skoðað verði hvort síðasti málsliður 42. gr. frumvarpsins, "Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum", geti fallið niður. Hér er um að ræða arfleifið frá eldri lögum, sem Landbúnaðarstofnun telur ekki ljóst hvaða tilgangi þjóni í breyttu lagaumhverfi.

Að lokum er lagt til að skoðað verði hvort ekki er nauðsynlegt að athuga 48. gr. frumvarpsins þannig að í 1. mgr. 30. gr. matvælalaga verði tilgreint nánar til hvaða þvingunarúrræða og viðurlaga Matvælaeftirlitið getur gripið vegna brota sem varða innflutningseftirlit með matvælum. Í þessu samhengi má vísa til VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fjallað er um valdsvið og þvingunarúrræði.

5. Hér verða teknar saman athugasemdir vegna ákvæða 52., 59. og a. og c. liða 60. gr. / Breyting á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og breyting á lögum um Landbúnaðarstofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að matvælamál verði sameinuð í einu ráðuneyti og í einni stofnun á vegum ríkisins. Kostir þessa eru einfaldari stjórnsýsla með matvælaeftirliti og matvælaöryggi, hún verður markvissari og tryggir betra og faglegra eftirlit á öllum stigum framleiðslu og dreifingar matvæla og fæðurs, eins og áður hefur verið lýst í almennum athugasemdum um frumvarpið.

Það er mat Landbúnaðarstofnunar að vilji sé til þess, bæði hjá stofnuninni og starfsmönnum matvælasviða Fiskistofu og Umhverfisstofnunar, að sameining þessara mála gangi hratt og vel og að við afgreiðslu þessa frumvarps verði engin óvissa um staðsetningu starfa, verksvið og annað er tengist starfskjörum starfsfólks. Slíkt er best gert með því að stíga skrefið til fulls og sameina þessar stofnanir eins fljótt og kostur er. Þannig nást þau samlegðaráhrif sem leitað er að, s.s. varðandi vinnu við innleiðingarferli á matvælaöggjöf Evrópusambandsins (EES-löggjöf) og breytingar á skipan og framkvæmd matvælaeftirlits, en sú vinna mun hefjast af fullum krafti upp úr áramótum.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Landbúnaðarstofnun til, að ef til álita kemur að fresta flutningi og sameiningu verkefna, þá verði það aðeins gert til skamms tíma þannig að full sameining eigi sér stað eigi síðar en 1. apríl 2008. Þá vill stofnunin benda á að ekki er ástæða til að nota bæði belti og axlabönd vegna hugsanlegra samninga við aðrar stofnanir um framkvæmd tiltekinna verkefna sem Matvælaeftirlitið á að fara með. Því er lagt til að 52. gr. frumvarpsins falli brott, þar sem samhljóða ákvæði er að finna í 59. gr. og á þar heima.

6. 55. gr. / Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með þessu ákvæði er lagt til að orðið "matvælum" verði tekið úr lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og er breytingin eðlileg í ljósi þess að efnisákvæði um matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eru með XXIII. kafla þessa frumvarps færð yfir í matvælalögin. Lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir taka þannig ekki lengur til matvæla og því telur Landbúnaðarstofnun, með hliðsjón af þessum breytingum, að jafnframt beri að fella úr sömu lögum orðin "m.a. til manndismála" í 2. mgr. 3. gr. Tilvísun til manndismála í þessum ákvæðum varðar reglur sem settar eru um næringargildismerkingar og reglur sem t.d. eru settar um sérfaði, sem ætlað er tilteknum hópum. Löggjöf um þessa þætti, eftirlit og fræðsla byggist þá, eftir þessa breytingu, á ákvæðum matvælalaga, en þar eru m.a. ítarleg ákvæði um fræðslumál í 19. gr. laganna.

Jafnframt er vísað til tillögu um breytingu á 35. gr. frumvarpsins varðandi samhfæingu aðgerða þegar upp koma alvarlegar matarsýkingar og að á þessu verði tekið í 6. gr. matvælalaga, þannig að sambærileg ákvæði í 2. mgr. 29. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir falli brott.

7. 57. og 58. gr. / Breyting á lögum um Landbúnaðarstofnun.

Í 57. gr. frumvarpsins er lagt til að heiti Landbúnaðarstofnunar verði breytt í Matvælaeftirlitið. Ljóst er að breytt hlutverk og viðfeðmara starfssvið stofnunarinnar kallar á nýtt nafn. Við val á nýrri nafngift er vert að hafa í huga að verkefnið snýst ekki einvörðungu um að höfða til rökhyggju markhópanna, heldur þarf nýtt heiti að vera í þjálfun og 2. eftirminnilegt og fremur jákvætt en neikvætt.

Ákjósanlegt er að hafa nafngiftir gegnsæjar, þannig að þær boði að einhverju marki hlutverk og mikilvægi stofnunarinnar. Finna verður því nafn er hefur næga sérstöðu til aðgreiningar og eftirtektar, en jafnframt breiða skírskotun og getur því vaxið með stofnuninni.

Hugmyndir á borð við Matvælastofnun, Matvælastofa, Matvælaöryggisstofnun, Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun, Matvæla- og landbúnaðarstofnun og Matvælaeftirlitið eru allar rökrétt innlegg í umræðuna og góðra gjalda verðar. Þær hafa hins vegar allar sína annmarka. Matvælastofnun er dauflegt nafn ímyndarlega séð og allkerfistengt í augum neytenda, þó að það geti verið bestur kostur framangreindra heita. Matvælastofa líður fyrir seinni hluta orðsins, sbr. t.d. kaffistofa/matstofa. Þá er Matvælaöryggisstofnun og ekki síður Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun eða Matvæla- og landbúnaðarstofnun langt og óþjálf og Matvælaeftirlitið er einfaldlega kaldranalegt og þröngt heiti.

Af þessum sökum leggur Landbúnaðarstofnun til að Alþingi skoði fleiri valkosti og með þessari umsögn fylgir sem dæmi tillaga um heitið Íslensk matvælagát, en unnið yrði með skammstöfunina MatGát, sem jafnframt gæti orðið kennimerki (lógó). Ástæður þess að þetta er lagt til sem heiti ásamt nefndri skammstöfun eru eftirfarandi: MatGát er samsett úr Matur og síðan Gát, sem þýðir 1. athygli, aðgæsla, fyrirbyggja og 2. fengur, matur/drykkur, sbr. mungát. Gát er því gott íslenskt orð sem er viðeigandi í heiti matvælastofnunar, sem á að gæta að öryggi matvæla fyrir neytendur. Þá má geta þess að GÁT-listar eru notaðir í eftirlit til að fylgjast með því hvort matvælafyrirtæki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum vegna framleiðslu og dreifingar matvæla.

Skráð heiti yrði Íslensk matvælagát, en MatGát yrði notað sem merki og til einföldunar í daglegum samskiptum. Ætla má að í framtíðinni yrði skammstöfunin notuð ásamt vígorði stofnunarinnar (frá heilbrigði til hollustu), frekar en skráðu heiti, en hvoru tveggja má sjá í meðfylgjandi gögnum. Landbúnaðarstofnun telur heitið bæði lýsandi og gegnsætt, sem og þjált og venjist vel. Án efa koma fleiri svipaðir valkostir til greina og má sem dæmi nefna Íslensk matvælarýni, en Rýni var heiti á einni af fyrstu skoðunarstofnunum sem tóku til starfa vegna eftirlits með sjávarafurðum.

Einnig mætti skoða þann möguleika að endurvekja heitið Hollustuvemd eða annað sambærilegt fyrir þessa nýju stofnun, þar sem starfsemi hennar verður mjög fjölbætt og varðar sem dæmi bæði heilbrigði dýra og plantna og hollustu og öryggi matvæla. Það eru hins vegar ekki nema um fimm ár síðan Umhverfisstofnun tók yfir starfsemi þá sem Hollustuvemd fór með og það kann mögum að þykja of stuttur tími, áður en slíkt heiti er endurvakið, þó svo það kunni að eiga betur við þessa starfsemi en mörg önnur heiti.

Til frekari fróðleiks má geta þess að skilgreining á matvælum í nýrri EES-löggjöf, sem ætla má að komi til framkvæmdar hér á landi á næsta ári, er mjög víðtæk: Samkvæmt þeim reglum nær frumframleiðsla yfir framleiðslu og ræktun, þ.m.t. uppskeru, mjaltir og eldi dýra fyrir slátrun. Einnig veiðar dýra og sjávarfangs og tínslu villtra matjurta. Lifandi dýr sem ætluð eru til matvælaframleiðslu, heilbrigði þeirra og velferð, plöntur eftir uppskeru, hrávara og unnin vara, ýmsir efnisþættir, drykkir og neysluvatn, allt telst þetta til matvæla.

Í ensku heiti stofnunarinnar má einnig skoða ýmsa möguleika, s.s. Icelandic Food and Veterinary Authority eða Icelandic Food Safety Authority.

Í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar vegna 28. og 29. gr. frumvarpsins, yrði bætt við k. lið við 58. gr. er hljóðaði svo: "að annast eftirlit með dýravernd samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994". Jafnframt þyrfti að gera breytingar á lögnum við yfirfærslu þessara verkefna frá Umhverfisstofnun/umhverfísráðuneytinu til Matvælaeftirlitsins/sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

8. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.

Landbúnaðarstofnun telur nauðsynlegt að í framhaldi af afgreiðslu þessa frumvarps fari fram athugun á því hvernig staðið skuli að eftirliti með öllum matvælum til framtíðar. Það er ekkert launungarmál að stofnunin telur heppilegast að allt matvælaeftirlit sé á einni hendi. Ef til þess kemur þarf að aðgreina matvælaeftirlit sveitarfélaga frá umhverfiseftirliti og einnig almennu heilbrigðiseftirliti á þeirra vegum (eiturefni og hættuleg efni, húsnæði, snyrtistofur, stofnanir, sundlaugar o.s.frv.).


Þá þarf að ákveða með hvaða hætti skoðunarstofur geta komið að matvælaeftirliti. EES-löggjöf heimilar rekstur skoðunarstofa, en ekki er skynsamlegt að skylda fyrirtæki til samninga við skoðunarstofur, eins og gert er í dag vegna eftirlits með sjávarafurðum. Opinber eftirlitsaðili (t.d. Matvælaeftirlitið) getur hins vegar falið skoðunarstofum tiltekin verkefni og slík heimild felst í nýrri EES-löggjöf um matvælaeftirlit.

Þá telur stofnunin að athuga beri hvort gera eigi breytingu á skipan búfjárefnirlits, þannig að það færðist frá sveitarfélögum til ríkisins (Matvælaeftirlitsins). Búfjárefnirlit gæti fallið ágætlega að starfsemi stofnunarinnar. Er þá horft til þess eftirlits sem tengist frumframleiðslu matvæla þar sem dýraheilbrigði og velferð dýra eru veigamiklir þættir. Einnig hefur verið rætt um skipan dýraverndar og ljóst að mál sem varða dýravernd vegna búfjár falla vel að hugmyndum um samræmt eftirlit í fæðukeðjunni, frá frumframleiðslu til neytenda.

Lokaorð

Landbúnaðarstofnun fagnar framkomnu frumvarpi sem miðar að sameiningu stofnana og bættu fyrirkomulagi við stjórnsýslu og framkvæmd opinbers matvælaeftirlits. Fulltrúar stofnunarinnar lýsa sig reiðubúna til að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir umsögn og athugasemdum sem hér koma fram.

F.h. Landbúnaðarstofnunar,



Jón Gíslason, forstjóri

Fylgiskjal: Tillaga að heiti fyrir Matvælaeftirlitið.

LANDBÚNAÐARSTOFNUN

Nýtt nafn

Eðli viðfangsins

Breytt hlutverk og víðfeðmara starfssvið Landbúnaðarstofnunar kallar á nýtt nafn. Við val á nýrri nafngift er vert að hafa í huga að verkefnið snýst ekki einvörðungu um að höfða til rökhyggju markhópanna. Viðskiptavinir og aðrir hlutaðeigendur eru mennskir og hafa tilfinningar fyrir nöfnum eins og annað fólk. Að minnsta kosti er borðleggjandi að væntanlegt nafn þarf að vera 1) þjálft í munni 2) eftirminnilegt og fremur jákvætt en neikvætt.

Oft er talið ákjósanlegt að hafa nafngiftir í gegnsæjar, þannig að þær boði að einhverju marki fagnaðarerindi mikilvægis stofnunarinnar / fyrirtækisins upp á sitt eindæmi. Í þessu tilviki virðist ráðlegt að leggja mest upp úr nafni sem hefur næga sérstöðu til aðgreiningar og eftirtektar, en hefur jafnframt breiða skírskotun og getur því „vaxið með stofnuninni“.

Nafnahugmyndir á borð við Matvælastofnun, Matvælastofa, Matvælaöryggisstofnun og Matvælaeftirlitið eru allar rökrétt innlegg í umræðuna og góðra gjalda verðar. Þær hafa hins vegar allar sína annmarka. Matvælastofnun er dauflégt nafn ímyndarlega séð og allkerfistengt í augum neytenda, þó að það sé í heildina bestur kostur framangreindra nafna; Matvælastofa líður fyrir seinni hluta orðsins sbr. kaffistofa; Matvælaöryggisstofnun er of langt, takmarkandi og óþjálft nafn og Matvælaeftirlitið er einfaldlega kaldranalegt og þröngt heiti.

Þær nafnahugmyndir sem hér fara á eftir eru smláðar og fram settar í ljósi framangreindra hugrenninga og þá ekki síst til að auka á fjölbreytileika þeirrar flóru nafna sem til umfjöllunar er.



Íslensk matvælagát

Skýring

ÍMG er skammstöfun fyrir Íslensk matvælagát. *Gát merkir:*

1) að fygjast með, athygli, aðgæsla, fyrirbyggja (sbr. að hafa gát á einhverju) og fellur því vel að starfssviði stofnunarinnar 2) fengur, matur/drykkur sbr. mungát.

Kostir

- a) Lýsandi, gegnsætt
- b) Þjált og mun venjast vel
- c) Laust við sériðslenska stafi
- d) Við matvælaeftirlit er gjarnan notaður gátlisti.

MatGát

ÍSLENSK MATVÆLAGÁT

Skýring

Matgát er samsett úr Matur (einfaldlega styttra og þjálá orð en matvæli og betra alþjóðlega vegna stafagerðar) og Gát. **Gát merkir:**

1) að fylgjast með, athygli, aðgæsla, fyrirbyggja 2) fengur, matur/drykkur sbr. mungát.

Kostir

- a) Lýsandi, gegnsætt
- b) Þjálá og mun venjast vel
- c) Laust við séríslenska stafi
- d) við matvælaeftirlit er gjarnan notast við gátlista.

MatGát

- frá heilbrigði til hollustu -

Skýring

Matgát er samsett úr Matur (einfaldlega styttra og þjálta orð en matvæli og betra alþjóðlega vegna stafagerðar) og Gát. **Gát merkir:**

1) að fylgjast með, athygli, aðgæsla, fyrirbyggja 2) fengur, matur/drykkur sbr. mungát.

Kostir

- a) Lýsandi, gegnsætt
- b) Þjált og mun venjast vel
- c) Laust við séríslenska stafi
- d) Við matvælaeftirlit er gjarnan notast við gátlista